

Rio Tinto á Íslandi
Straumsvík Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Reykjavík, 7. desember 2022
UST202211-201/H.G.
08.07.01

Efni: Viðbrögð við úrskurði - Rio Tinto

Vísað er til starfsleyfis Rio Tinto á Íslandi hf., kt. 680466-0179, til að framleiða ál í álveri ISAL í Straumsvík. Starfsleyfið var gefið út þann 28. október 2021 og gildir til 28. október 2037.

Þann 18. nóvember 2022 kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð í máli nr. 173/2021 (Rio Tinto) þar sem felldur var úr gildi sá hluti ákvörðunarinnar um útgáfu starfsleyfisins er lýtur að framleiðsluheimildum umfram 212 þúsund tonn af áli á ári, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfinu, þ.e. í stað orðanna 460.000 tonn af áli í þeirri grein komi: 212.000 tonn af áli.

Komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að með vísan til meðalhófs að fella ákvörðunina úr gildi að hluta, þ.e. hvað snertir þær framkvæmdir og starfsemi sem um var fjallað í ákvörðun Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum árið 2002 og voru forsenda hinna auknu framleiðsluheimilda, í starfsleyfi frá 2005. Er sá annmarki sem er á meðferð málsins samkvæmt lögum nr. 106/2000 enda afmarkaður við þann þátt málsmeðferðar við undirbúning leyfisins, þ.e. að ekki var tekin fullnægjandi afstaða til þess hvort þörf stæði til þess að endurskoða matsskýrslu framkvæmdaaðila skv. 12. gr. laga nr. 106/2000.

Að framangreindu virtu tilkynnist hér með að Umhverfisstofnun fyrirhugar að uppfæra umrætt starfsleyfi til samræmis við úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, í máli nr. 173/2021. Slík uppfærsla er ekki stjórnvaldsákvörðun og því ekki kæránleg.

Virðingarfyllst,

Sverrir A. Jónsson
teymisstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur